

Velferðar- og fræðslunefnd

Umboð

Nefndin starfar í umboði sveitarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og lögum eftir því sem við á.

Skipan nefndarinnar

Í velferðar- og fræðslunefnd eiga sæti fimm aðalmenn og fimm til vara sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar á sama fundi og nefndarkjör fer fram.

Auk kjörinna nefndarmanna á sveitarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Eftirtaldir eiga einnig rétt til setu á fundum nefndarinnar með sömu skilyrðum:

Þegar fjallað er um málefni grunnskóla:

1. Skólastjórar grunnskóla eða aðstoðarskólastjóri/staðgengill í forföllum skólastjóra.
2. Fulltrúi kennara
3. Fulltrúi foreldra grunnskólabarna

Þegar fjallað er um málefni leikskóla:

1. Skólastjóri leikskóla
2. Fulltrúi starfsfólks leikskóla
3. Fulltrúi foreldra leikskóla

Þegar fjallað er um málefni tónlistarskóla:

1. Skólastjóri tónlistarskóla
2. Fulltrúi foreldra barna í tónlistarskólanum

Þá er nefndinni heimilt að kalla til sín sérhvern þann er tengist þeim málefnum sem nefndin fjallar um hverju sinni.

Hlutverk

Hlutverk velferðar- og fræðslunefndar er að fara með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins í húsnæðismálum, félagsþjónustu, skólamálum, æskulýðs- og íþróttamálum.

Nefndin hefur eingöngu heimild til þess að stofna til útgjalda á grundvelli gildandi ákvæða í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hverju sinni. Hafi afgreiðsla nefndarinnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir, skal slík afgreiðsla ætíð lögð fyrir

Erindisbréf fyrir velferðar- og fræðslunefnd

byggðarráð og sveitarstjórn og öðlast hún ekki gildi fyrr en með samþykkt sveitarstjórnar.

Nefndin gerir tillögur til byggðarráðs og sveitarstjórnar og meðal hlutverka hennar er:

- að fara með málefni er varða velferðar-, fræðslu-, æskulýðs- og íþróttamál og sinna stefnumótunarverkefnum í þeim málaflokkum hjá sveitarfélaginu,
- að hafa eftirlit með að öll börn í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu og umönnunar. Í störfum sínum ber nefndinni að vinna að því að allir nemendur njóti sem bestar aðstöðu og jafnastra tækifæra til náms og að skólinn veiti sérhverjum nemanda fræðslu og umönnun eftir aldri sínum og þroska og í samræmi við gildandi aðalnámskrár á hverjum tíma,
- að hafa eftirlit með skólapijónustu leik- og grunnskóla en í henni felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leik- og grunnskóla og starfsfólk þeirra,
- að staðfesta starfsáætlun skóla sveitarfélagsins,
- að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gerir tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi,
- að hafa eftirlit með að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar útbúnaður. Velferðar- og fræðslunefnd, ásamt skólastjórum, lítur eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,
- að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,
- að láta ráðuneyti menntamála í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sitt, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur,
- að hafa eftirlit með að til séu sem gleggstar upplýsingar um skólamál í sveitarfélaginu og að bæjarbúar hafi aðgang að upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er,
- að vera tengiliður sveitarfélagsins við fagstofnanir og fagnefndir um stefnumótun á vettvangi fræðslumála og skal nefndin ávallt leitast við að fylgjast með umræðu um þau málefni sem snerta starfssvið hennar,
- að móta skólastefnu fyrir sveitarfélagið og vera sveitarstjórn til ráðgjafar um þau málefni sem undir nefndina heyra,
- að stuðla að samvinnu og samhæfingu skólastofnana og skólastiga innan sveitarfélagsins,
- að vera sveitarstjórn og skólastjóra til ráðgjafar um vistun barna í skóla utan skólatíma,
- að veita sveitarstjórn umsögn um fyrirkomulag heilsugæslu í skólum,
- að fara með málefni framhaldsskóla fyrir hönd sveitarfélagsins,
- að veita sveitarstjórn umsögn um fyrirkomulag á skólaakstri,
- að stuðla að gerð samræmdrar starfsþróunaráætlunar fyrir þá starfsemi sem undir nefndina heyrir í samráði við viðkomandi skólastjóra og forstöðumenn,
- að fjalla um jafnréttismál og endurskoða reglulega jafnréttisáætlun sveitarfélagsins,

Erindisbréf fyrir velferðar- og fræðslunefnd

- að fjalla um jafnréttismál í sveitarfélaginu með það að markmiði að jafna stöðu og rétt kynjanna,
- að móta stefnu sveitarfélagsins í öldrunarmálum og endurskoða hana reglulega,
- að beita sér fyrir forvörnum í þágu einstaklinga og fjölskyldna, s.s. lýðheilsu,
- að huga vel að móttöku innflytjenda og stöðu þeirra í samfélaginu,
- að vinna með öðrum aðilum, svo sem félögum, félagasamtökum og einstaklingum, að því að bæta félagslegar aðstæður og félagslegt umhverfi í sveitarfélaginu,
- að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er í æskulýðs- og íþróttamálum,
- að veita sveitarstjórn og sveitarstjóra umsögn og ráðgjöf í tómstunda- og íþróttamálum,
- að fylgja eftir samþykktri stefnu í málaflokkum nefndarinnar hjá sveitarfélaginu,
- að vera ráðgefandi fyrir sveitarstjóra, byggðarráð og sveitarstjórn í þeim málaflokkum sem undir nefndina heyra,
- að yfirfara drög að fjárhagsáætlun vegna þeirra málaflokka sem undir starfssvið nefndarinnar heyrir og eftir atvikum koma með tillögur að breytingum,
- að sjá um önnur þau verkefni sem sveitarstjórn felur henni á sviði velferðar- og fræðslumála.

Í þeim tilfellum sem sérstakur starfsmaður sinnir þeim málaflokkum sem nefndin fjallar um skal nefndin vinna náið með viðkomandi og tryggja að starfið sé í samræmi við samþykktu stefnu sveitarfélagsins.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og athafnir séu ávallt í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og að fulltrúar í nefndinni setji ávallt almannahagsmunum ofar öðrum hagsmunum.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er fjallað í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og skal þeim fylgt þar sem við á, s.s. um boðun funda, fundargerðir, stjórn á fundum, fundarsköp o.fl.

Nefndin kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma sem tilgreindur er í fundaáætlun fyrir sveitarstjórn, byggðarráð og fastanefndir sem sveitarstjórn samþykkir tímanlega fyrir komandi ár hverju sinni. Nefndin gerir tillögu til sveitarstjórnar um fundartíma nefndarinnar. Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði ekki standa lengur en 2 klst. í senn. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef sveitarstjóri eða a.m.k. þrír nefndarmenn óska þess.

Formaður sér um boðun funda í samráði við sveitarskrifstofu. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent öllum fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundinum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Aukafund er heimilt að boða með sólarhringsfyrirvara. Heimilt er að boða fund með rafrænum hætti.

Erindisbréf fyrir velferðar- og fræðslunefnd

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti kjörinna nefndarmanna er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Formaður nefndarinnar skal halda sveitarstjóra upplýstum um störf nefndarinnar.

Eftirfylgni

Formaður nefndarinnar skal snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktar nefndarinnar. Sveitarstjóri sér um að ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar komist til framkvæmda.

Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur aðal- og varamanna í nefndinni gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn sveitarfélagsins, eftir atvikum, s.s. ákvæði IV. kafla samþykktarinnar sem varðar réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem gilda um starfssvið hennar. Þá skal nefndin fylgja gildandi sveitarstjórnarlögum og samþykktum um stjórn sveitarfélagsins.

Samþykkt í sveitarstjórn á 4. fundi þann 8.9.2022